

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B og IV A við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum. Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun þeirra tollkvóta sem taldir eru upp í reglugerð þessari.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, magn- og verðtoll:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magn­tollur kr/kg
0407.0000	Frjóegg (af tegundi Gallus domesticus)	11.10.-31.12.	ótilgr.	0	77
0709.6003	Gul paprika	11.10.-31.10.	ótilgr.	15	198
0709.6003	Rauð paprika	23.10.-31.10.	ótilgr.	15	198
0709.6003	Orange paprika	23.10.-31.10.	ótilgr.	15	198
Tollnúmer:					
0704.1000	Blómkál	16.10.-31.10.	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	16.10.-31.10.	ótilgr.	30	0
0707.0009	Gúrkur	11.10.-31.10.	ótilgr.	15	98

Við innflutning sem fellur undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magn­tollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407-0000) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi nú þegar og gildir til 31. desember 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. október 1995.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Ólafur Friðriksson.